

Landið og miðin

Flatarmál landsins	103.000 km ²	Vötn	3.000 km ²
- þar af í 0-200m hæð	24.700 km ²	Ræktað land	1.100 km ²
- þar af í 200-400 m hæð	18.400 km ²	Ræktalegt land	20.000 km ²
- þar af í 400 m hæð	59.900 km ²	Landgrunn að 200 m dýpi	111.000 km ²
Jöklar	12.000 km ²	Landgrunn að 400 m dýpi	183.000 km ²
Hraun	11.000 km ²	Fiskveiðilögsagan (200 mílur)	758.000 km ²

Þjóðin¹

Mannfjöldi 1. desember 1986-1997 skv. þjóðskrá:

1986: 244.009	1990: 255.708	1994: 266.783
1987: 247.357	1991: 259.577	1995: 267.806
1988: 251.690	1992: 262.193	1996: 269.727
1989: 253.500	1993: 264.922	1997: 272.069

Íbúafjöldi í einstökum kjördæmum 1. desember ár hvert:

	1995	1996	1997
Reykjavík.....	104.276	105.458	106.567
Reykjanes.....	69.955	71.438	73.471
Vesturland	14.154	14.007	13.943
Vestfirðir	9.018	8.865	8.644
Norðurland vestra	10.208	9.995	9.796
Norðurland eystra	26.664	26.659	26.595
Austurland	12.780	12.680	12.549
Suðurland.....	20.754	20.625	20.504

Árleg meðaltöl	Einstök ár		
	1981-'85	'86-'90	1993 1994 1995

Miðað við 1000 íb.

Lifandi fæddir.....	17,8	17,7	17,5	16,7	16,0
Dánir.....	6,9	6,9	6,6	6,5	7,2
Fæddir umfr. dána..	10,9	10,8	10,9	10,2	8,8

Byggðarkjarnar með fleiri en 200 íbúa 1. des. 1997:

Reykjavík.....	106.567	Patreksfjörður	777
Kópavogur	19.826	Reyðarfjörður.....	682
Hafnarfjörður.....	18.209	Hvolsvöllur	675
Akureyri	15.041	Vopnafjörður.....	650
Keflavíkurbéttbýli	10.273	Hvammstangi.....	642
Garðabær	7.840	Fáskrúðsfjörður.....	632
Mosfellsbær	5.221	Skagaströnd	631
Akranes	5.127	Vogar	625
Vestmannaeyjar.....	4.645	Hella	605
Seltjarnarnes	4.612	Hellissandur og Rif	557
Selfoss.....	4.325	Eyrbakkí.....	528
Ísafjarðarbéttbýli	3.310	Hólmavík.....	448
Sauðárkrúkur	2.674	Stokkseyri.....	444
Húsavík.....	2.495	Þórshöfn	439
Grindavík	2.126	Djúpvogur	411
Höfn	1.826	Raufarhöfn	379
Borgarnes	1.717	Fellabær	358
Hveragerði	1.665	Þingeyri.....	344
Egilsstaðir.....	1.637	Tálknafjörður.....	302
Siglufjörður	1.632	Vík í Mýrdal.....	299
Neskaupstaður	1.562	Grundarhverfi.....	295
Dalvík.....	1.505	Stöðvarfjörður	295
Álftanes, Bessast.hr.....	1.359	Flateyri.....	289
Sandgerði	1.312	Bíldudalur	282
Stykkishólmur	1.268	Suðureyri.....	279
Þorlákshöfn.....	1.227	Búðardalur	271
Garður, Gerðahr.	1.141	Grenivík	262
Ólafsfjörður	1.099	Flúðir.....	251
Bolungarvík.....	1.094	Hrísey	241
Eskifjörður.....	1.004	Reykjahlíð, Skútust.hr.	228
Ólafsvík.....	978	Súðavík.....	226
Blönduós.....	977	Breiðdalsvík	217
Grundarfjörður	824	Hofsós	209
Seyðisfjörður.....	799		

Árleg fjölgun skv. þjóðskrá:

1975-1980	0,91%
1980-1985	1,10%
1985-1990	1,11%
1993	1,04%
1994	0,70%
1995	0,38%
1996	0,72%
1997	0,87%

Mannfjöldi	Meðalævilíkur nýfæddra	Karlar	Konur
1703	50.358		
1801	47.240	1851-1860	32,9 38,3
1901	78.470	1891-1900	44,7 51,8
1920	94.690	1911-1920	52,6 57,9
1940	121.474	1941-1950	66,1 70,3
1960	177.292	1971-1975	71,6 77,5
1970	204.578	1981-1985	74,1 79,9
1980	228.187	1991-1995	76,3 80,8

Aldursskipting mannfjöldans 31. des. 1996 (í %):

	Karlar	Konur	Alls
0-9	8,5	8,0	16,5
10-19	7,8	7,6	15,4
20-29	7,6	7,4	15,0
30-39	7,9	7,8	15,7
40-49	6,9	6,6	13,4
50-59	4,5	4,4	8,9
60-69	3,6	3,8	7,3
70 ára og eldri	3,4	4,4	7,8
Alls	50,1	49,9	100,0

Merking tákna:

*	Bráðabirgðatala eða áætlun.
0	Minna en helmingur einingar.
-	Núll, þ.e. ekkert.
...	Upplýsingar vantar eða tala ekki til.
.	Tala á ekki við.

Fjölmöldum er frjálst að nota efni úr Hagtölum mánaðarins, en eru beðnir að geta heimildar.

Hlutfallsleg atvinnuskipting í % ² :	1985	1990	1995
Landbúnaður	6,1	5,5	4,5
Fiskveiðar	5,0	5,6	5,2
Fiskvinnsla	8,0	6,0	5,9
Iðnaður, annar en fiskiðnaður	14,6	12,7	11,3
Byggingarstarfsemi og rekstur veitna	10,4	10,1	9,0
Verslun, veitinga- og hótélrekstur	15,0	14,3	14,8
Samgöngur	6,8	6,9	6,8
Peningastofnanir og tryggingar.....	6,8	8,2	8,6
Opinber starfsemi	16,5	18,3	19,8
Ymis þjónusta og önnur starfsemi	10,7	12,3	14,0

1. Heimild: Hagstofa Íslands. 2. Heimild: Þjóðhagsstofnun.

HAGTÖLUR MÁNAÐARINS

293. blað.

Ágúst 1998. Efni var tilbúið til prentvinnslu 20. ágúst.

Útgefandi: Hagfræðisvið Seðlabanka Íslands. Heimasíða: <http://www.seðlabanki.is>

ISSN 0256-7288

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

AFKOMA SVEITARFÉLAGA

Afkoma sveitarfélaga virðist hafa versnað á síðasta ári. Samkvæmt úrtaki virðist halli á rekstri sveitarfélaganna í landinu hafa vaxið úr 0,6 ma.kr. 1996 í 2,4 ma.kr. 1997, einkum vegna meiri fjárfestinga en gert var ráð fyrir. Hreinar skuldir sveitarfélaga virðast hafa hækkað um rúma 3 ma.kr. á árinu í 27½ ma.kr. í árslok 1997. Það er áhyggjuefni að afkoma sveitarfélaganna í hlutfalli við tekjur er mun verri en afkoma ríkissjóðs. Fjárhagsáætlanir ársins 1998 gera ráð fyrir skárrí afkomu en 1997, en takmarkaðar upplýsingar eru um þróunina á þessu ári. Sveitarfélögin njóta mun minni góðærishagnaðar en ríkissjóður.

Mat á afkomu stærstu sveitarfélaganna á árinu 1997 veitir á því hvernig tekið er á fjármálafærslum vegna hlutafélagavæðingar á fyrirtækjum í eigu sveitarfélaga. Ef þessar færslur eru teknar með voru 13 stærstu sveitarfélögin rekin á núlli á síðasta ári. Sé lítið framhjá upphafsfélagslunum nam halli þessara sveitarfélaga 2,7 ma.kr. á liðnu ári. Ljóst er að þjóðhagsleg áhrif upphafsfélagsluna við hlutafélagavæðinguna eru engin eða óveruleg, hvað sem líður áhrifum formbreytingarinnar á rekstur seinna meir. Sams konar færslur eru í nýútkomnum ríkisreikningi 1997, en þar er gerður strangur greinarmunur á tekjum ársins og þessum sérstöku tekjufærslum. Þessum færslum er því sleppt eftir því sem við verður komið í því sem hér fer á eftir.

Ofangreindar afkomutölur eiga við sveitarfélög þar sem tæp 77% þjóðarinnar bjuggu 1. desember 1997. Samkvæmt fjárhagsáætlunum þessara sveitarfélaga, - án hlutafélagafærsluna- var stefnt að 1,5 ma.kr. afgangi á árinu 1997, svo nokkuð hefur hallast á í rekstri á þessu síðasta ári fyrir sveitarstjórnkosningar. Halli á rekstri þessara 13 sveitarfélaga var á árinu um 9% af sameiginlegum tekjum, þ.e.a.s af skatttekjum, arði o.fl. Það svarar til þess að ríkissjóður væri rekinn með um 15 ma.kr. halla.

Afkoma þessara sveitarfélaga hefur undanfarin ár

verið heldur lakari en annarra sveitarfélaga. Miðað við þá reynslu má ætla að önnur sveitarfélög hafi á árinu verið rekin með lítils háttar afgangi og að halli á sveitarfélögunum í landinu hafi samtals verið um 2½ ma.kr. á liðnu ári eða rúm 6% af tekjum. Afkoman sýnir verulega afturför frá því sem var á árinu 1996, þegar hallinn var tæp 2% af tekjum, en er þó mun skárrí en var á árunum 1993 og 1994, þegar hallarekstur sveitarfélaganna nam meira en 20% af skatttekjum. Engu að síður eru fjármál sveitarfélaganna nú í verri farvegi en fjármál ríkisins.


Þegar saman eru bornar fjárhagsáætlanir og afkoma sveitarfélaganna 13 kemur í ljós að skatttekjur og aðrar almennar tekjur fóru 1,1 ma.kr. eða 4% fram úr áætlun, og að rekstrargjöld að frádregnum rekstrartekjum fóru 1,5 ma.kr. fram úr áætlun eða 6,3%. Rekstrarafkoma, það er afkoma fyrir fjárfestingar, varð örlítið verri en 1996, 4,3 ma.kr. 1997 á móti 4,6 ma.kr. 1996. Fjárfestingar að frádregnum mótframlögum fóru 0,9 ma.kr. eða 14% fram úr áætlun og hækkuðu úr 5,5 ma.kr. 1996 í 6,9 ma.kr. 1997. Fjárfestingarútgjöldin nálgast nú að raunvirði það sem þau voru á árunum 1993 og 1994. Ætla má að aukning fjárfestingar nú tengist bæði kosningum vorið 1998 og ekki síður einsetningu grunnskóla, sem á að vera lokið haustið 2003.

Fjármál sveitarfélaga

Milljarðar króna

	1993	1994	1995	1996	Fjárhags- áætlun 1997	Útkoma 1997	Áætlun 1998
13 úrtakssveitarfélög							
Skatttekjur og þ.h.	18,8	19,5	21,7	25,4	28,4	29,5	32,5
Rekstrargjöld - rekstrartekjur	17,0	18,8	18,1	20,9	23,8	25,3	27,9
Fjárfestingar nettó	6,5	6,8	5,3	5,4	6,1	6,9	6,7
Tekjuafgangur	-4,7	-6,1	-1,7	-0,9	-1,4	-2,6	-2,1
Öll sveitarfélög, samtals						Áætlun	Áætlun
Skatttekjur og þ.h.	25,5	26,3	28,7	33,6	.	40,2	44,2
Rekstrargjöld - rekstrartekjur	22,3	23,6	23,9	27,8	.	34,5	38,4
Fjárfestingar nettó	8,9	9,2	6,7	6,4	.	8,2	7,7
Tekjuafgangur	-5,7	-6,5	-1,9	-0,6	.	-2,4	-1,9

Heimild: Sveitasjóðareikningar, Seðlabanki Íslands.




Skuldir sveitarfélaga

Skuldir sveitarfélaganna í úrtakinu umfram peningalegar eignir jukust nokkru meira milli ára en nam hallarekstri, en ýmiss konar endurmat getur valdið mismun á halla annars vegar og hækkun hreinna skulda hins vegar. Með samsvarandi leiðréttingu og gerð var vegna hlutafélagavæðingar, hækkuðu hreinar skuldir sveitarfélaganna um 3,6 ma.kr. milli ársloka 1996 og 1997. Með lauslegum framreikningi má ætla að hreinar skuldir sveitarfélögunna í landinu hafi hækkað um ríflega 3 ma.kr. á árinu 1997 og numið 27½ ma.kr. í árslok 1997. Vergar skuldir úrtakssveitarfélaganna hækkðu um 5,3 ma.kr. á árinu 1997. Má ætla að vergar skuldir allra sveitarfélaga í landinu hafi hækkað úr 38,6 ma.kr. 1996 í 44,7 ma.kr. í árslok 1997.

Þróun tekna og gjalda

Vegna þeirra miklu umskipta sem verða á rekstrarumfangi sveitarfélaganna við yfirtöku grunnskólans, er venju fremur erfitt að túlka þær breytingar sem urðu á tekjum og gjöldum milli ára. Einnig er erfitt að álykta um breytingu á tekjum og gjöldum annarra sveitarfélaga út frá úrtakinu, þar sem minni sveitarfélögin fá tiltölulega meira af auknum skólamálaframföngum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga en hin stærri. Heldur auðveldara er að álykta um afkomu, þar eð



hugmyndin með jöfnuninni er einmitt að vega upp óvenjulega byrði af breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Tekjur úrtakssveitarfélaganna hækkuðu úr 25,4 ma.kr. 1996 í 29,5 ma.kr. 1997, einkum vegna hækkaðrar hlutdeildar í tekjusköttum. Út frá því má áætla gróft að heildartekjur sveitarfélaganna í landinu hafi hækkað um 6½ ma.kr. milli ára, úr 33,6 ma.kr. í rúma 40 ma.kr. 1997, en útgjöld um 8,5 ma.kr. í 42,7 ma.kr. Frekari mynd af þróun tekna og gjalda sveitarfélaga er brugðið upp í meðfylgjandi töflu. Þar er stuðst við þá framsetningu sem notuð er í reikningum sveitarfélaganna, en úrvinnsla er takmörkuð nema hvað horft er fram hjá tekjufærslum vegna hlutafélagavæðingar. Í meðfylgjandi myndum af tekjum og gjöldum sveitarfélaga eru framreikningar töflunnar hins vegar notaðir til að framlengja gögn sem Þjóðhagsstofnun vinnur og hefur birt fram til 1996. Þar er ýmislegt fært með tekjum sem sveitarfélögin hneigjast til að draga frá gjöldum. Því verða heildartekjur og heildarútgjöld hærri í framsetningu Þjóðhagsstofnunar en í hrárrí framsetningu reikninga.

Áætlanir vegna 1998


Ef gert er ráð fyrir að fjárhagsáætlanir úrtakssveitarfélaganna gangi eftir, ættu tekjur þeirra að hækka um nærfellt 6½% milli ára, heildarútgjöld um tæp 5% og halli á búskap þeirra að lækka í rúma 2 ma.kr. Miðað við reynslu undanfarinna ára mætti ætla að eftir því yrðu önnur sveitarfélög rekin með um örlitlum afgangi og sveitarfélögin alls með um tæplega 2 ma.kr. halla.

Upplýsingar um afkomu sveitarfélaga innan ársins eru af skornum skammti um þetta leyti árs, en umsvif þeirra á innlendum lánamarkaði benda þó ekki til að fjárhagur þeirra sé að fara úr böndunum. Þannig lækkuðu skuldir sveitarfélaga við innlánsstofnanir um 0,6 ma.kr. á fyrstu 6 mánuðum ársins, staða skráðra verðbréfa sveitarfélaga hækkaði um 0,2 ma.kr. og samdráttur varð á markaðsvíxlaskuld sveitarfélaganna. Tölur liggja ekki fyrir um skuldþróun sveitarfélaga við aðra aðila lánamarkaðarins eða útlönd. Því virðast ekki efni til að ætla að afkoma sveitarfélaga verði lakari en fjárhagsáætlanir stefndu að.

Hins vegar er líklegt að hækkanir tekna og gjalda verði meiri en gert var ráð fyrir, og kemur tvennt til. Annars vegar reyndust umsvifin á síðasta ári meiri en gert var ráð fyrir og hins vegar eru launahækkanir og almenn þensla meiri á þessu ári en gert var ráð fyrir við gerð fjárhagsáætlana. Því virðist líklegt að tekjur sveitarfélaga verði hartnær 10% hærri en 1997 og að útgjöld að frádregnum rekstrar- og fjárfestingartekjum verði um 8% hærri en 1997. Afkomuhorfur sveitarfélaganna skýrast verulega með haustinu þegar fjárhagsáætlanir eru víðast hvar yfirfarnar að lokinni framkvæmdavertíð.

Sveitarfélög og góðærið

Hagur ríkissjóðs hefur vænkast verulega á undanförunum árum. Ríkið skilaði tæplega 1 ma.kr. afgangi á rekstrargrunni á árinu 1997 ef sleppt er færslum



vegna hlutafélagavæðingar. Það er einungis vegna eingengra aðlögunargreiðslna vegna breyttra lífeyris-

réttinda sem stefnir í halla á þessu ári. Að hluta skýrist verri hagur sveitarfélaga en ríkis af minni góðæris-áhrifum. Útsvarstekjur eru fast hlutfall af skattstofni, en tekjuskattur er hlutfall af tekjum umfram skattleysismörk. Undanfarin ár hafa skattleysismörk hækkað nokkru minna en tekjuskattsstofninn, þannig að sífellt stærri hluti tekna lendir ofan við þau. Við nýafstaðna álagningu skatta vegna tekna á árinu 1997 skiptist eftirtekjan því sem næst að jöfnu milli ríkis og sveitarfélaga, en jaðaráhrifin eru harla ólík. Af hverri krónu sem tekjur umfram skattleysismörk hækka, fær ríkið 27,4 auru en sveitarfélögin 11,6. Einnig eru óbeinir skattar ríkisins, að minnsta kosti sumir hverjir, næmir fyrir uppsveiflu, þótt tekjur af launasköttum hegði sér líkast útsvari sveitarfélaganna. Þetta breytir þó engu um þörfina á átaki í fjármálum sveitarfélaga, heldur minnr á að velgengnin í ríkisfjármálum er viðkvæmari en ætla mætti.

BEIN ERLEND FJÁRFESTING Á ÍSLANDI

Á árunum 1988-1995 ríkti stöðnun í beinum fjárfestingum erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi, en á árunum 1996 og 1997 varð mikil aukning. Bráðabirgðatölur liggja fyrir um beinar fjárfestingar erlendra aðila á árinu 1997 og fjármunaeign þeirra í lok ársins. Fjármunaeign erlendra aðila nam um 23,7 ma.kr. í lok ársins 1997 og jókst um 10,6 ma.kr. frá árinu á undan. Mestur hluti þessarar fjárfestingar kom frá Sviss og Bandaríkjunum. Stærstur hluti erlendar fjármunaeignar í atvinnurekstri er vegna fjárfestinga í stóriðnaði (ál og járblendri), eða um 79%. Tekjur erlendra aðila af fjárfestingu voru 2,4 ma.kr. á síðasta ári og jukust um 1 ma.kr. frá árinu 1996. Þrátt fyrir að reglur um fjárfestingar erlendra aðila hafi verið rýmkaðar á síðustu árum eru enn nokkrar hömlur á þeim.

Erlend fjárfesting í atvinnurekstri á Íslandi hefur aukist mikið síðustu misseri. Þessi aukna fjárfesting er ekki almenn í íslensku atvinnulífi, heldur beinist hún aðallega að stóriðju. Í stuttu máli má segja að markmið fyrirtækja með fjárfestingum í atvinnustarfsemi utan heimalands síns séu: Að nálgast mannlega og náttúrulega framleiðsluþætti, að auka skilvirkni með því að nýta sér ódýra framleiðsluþætti og að nálgast markaði. Í tilfalli Íslands er nokkuð augljóst að stærstan hluta beinnar erlendar fjárfestingar hér á landi megi rekja til fyrstu tveggja þáttanna, þar sem heimamarkaður er smár og langt í stór markaðs-svæði. Tveir þættir hafa einkum hamlað beinni erlendra fjárfestingu á Íslandi. Í fyrsta lagi er erlendum

Með beinni fjárfestingu hefur fjárfestir stjórnunarleg áhrif á rekstur viðkomandi fyrirtækis í krafti stórs eignarhlutar. Ef eignarhlutur erlends fjárfestis er 10% eða stærri telst vera um beina fjárfestingu að ræða, en annars verðbréfavíðskipti. Hér eru einungis birtar upplýsingar um beina fjárfestingu, enda eru almenn verðbréfakaup erlendra aðila á Íslandi enn sem komið er lítil. Þess verður að geta að íslenskur ríkisborgari sem ekki hefur skráð aðsetur á Íslandi telst vera erlendum aðili.

aðilum óheimilt að fjárfesta í mikilvægum atvinnugreinum, þ.e. fiskveiðum, fiskvinnslu og orkufyrirtækjum. Í öðru lagi hefur einkavæðingu síðustu ára ekki fylgt nein erlend fjárfesting, en í OECD-ríkjum hefur einkavæðing verið ein aðal uppspretta hennar.

Í töflu 1 eru birtar tölur um beina fjármunaeign erlendra aðila eftir atvinnugreinum á árunum 1992-1997. Fjármunaeign erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi jókst mikið á árunum 1996 og 1997, eftir tímabil stöðunar árin á undan. Árið 1997 var aukningin um 10,6 ma.kr., eða um 80%. Mikið af þessari aukningu stafar af aukinni nýfjárfestingu og endurfjárfestingu í stóriðnaði. Álverið í Straumsvík var stækkað og framkvæmdir hjá Norðuráli hf. voru miklar. Auk þess jók norska samsteypan Elkem ASA hlut sinn í

Bein fjármunaeign samanstendur annars vegar af hlutdeild erlendra aðila í bókfærðu eigin fé fyrirtækis og hins vegar af hreinni lánstöðu innlends fyrirtækis við erlenda eignaraðila. Erlent móðurfyrirtæki sem veitir t.d. lán til dótturfyrirtækis hérlendis er því að auka fjármunaeign sína á sama hátt og um hlutafjárframlag væri að ræða. Bókfært eigið fé getur aukist með hlutafjárframlagi, vegna skattalegs endurmats og með endurfjárfestingu. Endurfjárfesting er sá hluti hagnaðar sem verður eftir hjá fyrirtækinu eftir að arður hefur verið greiddur út.

Tafla 1. Bein fjármunaeign erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi

Staða í árslok eftir atvinnugreinum

M.kr. á verðlagi hvers árs	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Stóriðnaður	4.764	5.251	5.802	4.824	9.212	18.612
Verslun og þjónusta	2.225	2.283	1.626	1.898	2.028	2.024
Annar iðnaður	560	534	498	573	714	887
Samgöngur og flutningar	30	23	72	305	325	541
Fjármálaþjónusta og tryggingar	209	176	215	323	69	3
Annað	153	234	440	487	823	1.682
Samtals	7.941	8.501	8.653	8.410	13.171	23.740

Íslenska járnblendifélaginu hf. Þá fjárfestu erlendir aðilar fyrir háar fjárhæðir í fyrirtæki sem selur farsímaþjónustu.

Í lok ársins 1997 höfðu erlendir aðilar fjárfest beint í um 70 íslenskum fyrirtækjum og fjölgaði þeim um 20 á árinu. Af þessum fyrirtækjum eru aðeins þrjú sem falla undir stóriðnað, þ.e. Íslenska álfélagið hf., Íslenska járnblendifélagið hf. og Norðurál hf. Í þessum fyrirtækjum eru um 79% af heildarfjármunareign erlendra aðila. Í fimm stærstu fyrirtækjunum sem erlendir aðilar hafa fjárfest í er hlutfallið um 86% og í tíu stærstu er það 95%. Á árinu 1997 jókst þessi samþjöppun. Hlutfallsleg eignaraðild erlendra aðila í þessum 70 fyrirtækjum er þannig að í 21 fyrirtæki er eignaraðildin 90% eða meiri og í 11 er hún á bilinu 50-89%.

Tafla 2. Bein fjármunaeign erlendra aðila í atvinnurekstri hérlendis

Staða í árslok á verðlagi hvers árs

M.kr.	1995	1996	1997
Sviss	3.954	8.071	12.408
Noregur	639	887	2.043
Danmörk	1.250	1.329	1.340
Bretland	533	612	680
Þýskaland	435	470	552
Svíþjóð	535	338	369
Finnland	52	85	111
Önnur Evrópulönd ¹	115	238	195
Bandaríkin	566	736	5.645
Kanada		7	6
Japan	331	398	391
Samtals	8.410	13.171	23.740

1. Í árslok 1997: Holland, Belgía, Lúxemborg, Austurríki, Færeyjar og Rússland.

Fjárfestingar erlendra aðila

Samkvæmt skilgreiningu alþjóðastofnana geta beinar fjárfestingar á milli landa verið í formi hlutabréfaviðskipta, endurfjárfestinga og lánaviðskipta. Fjárfesting á tilteknu ári þarf ekki að endurspeglast í muninum á fjármunaeign í upphafi og lok árs. Ástæðan er sú að stöðustærðir eru gerðar upp á rekstrargrunni en flæðistærðir á greiðslugrunni. Í töflu 3 sést að samsætning erlendra fjárfestinga er nokkuð breytileg á milli ára. Hlutabréfakaup voru mikil eða um 5 ma.kr. á árinu 1997. Lánaviðskipti voru um 3,9 ma.kr., en þau tengjast aðallega framkvæmdum og viðskiptum í áliðnaði. Endurfjárfesting var um 1,7 ma.kr., sem þýðir að afkoma hefur verið góð.

Á þessum áratug hefur verið mikil aukning á beinum erlendum fjárfestingum í OECD-löndum. Bein erlend fjárfesting í atvinnufyrirtækjum OECD-ríkja var í sögulegu hámarki árið 1997, eða um 255 milljarðar Bandaríkjadala. Síðustu ár hefur fjárfesting erlendra aðila í OECD ríkjum sem hlutfall af vergri landsframleiðslu verið að meðaltali um 1-2%. Fjárfesting erlendra aðila á Íslandi sem hlutfall af vergri landsframleiðslu var um 2% árið 1997, og um 1,1% árið þar á undan. Árin 1991-1995 var hlutfallið vart mælanlegt. Þrátt fyrir að helstu nýfjárfestingar fyrir hluta þessa árs séu þekktar er vandkvæðum bundið að áætla hver heildarfjárfesting ársins verður vegna þess að erfitt er að áætla þróun lánaviðskipta, hagnaðar og endurfjárfestinga.

Tafla 3. Beinar fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi

M.kr. á verðlagi hvers árs	1995	1996	1997
Hrein hlutabréfaviðskipti	474	-496	5.040
Endurfjárfesting	156	920	1.737
Lánaviðskipti	-1.204	5.010	3.886
Samtals	-574	5.434	10.663

Tekjur erlendra aðila af íslenskum atvinnurekstri

Í töflu 4 eru sýndar tekjur erlendra aðila af beinum fjárfestingum sínum hérlendis. Tekjurnar geta verið þrenns konar, þ.e. í formi arðgreiðslna, endurfjárfestinga og hreinna vaxtatekna vegna lánaviðskipta. Árið 1997 námu tekjur erlendra aðila af atvinnurekstri á Íslandi um 2,4 ma.kr. og munar þar mestu um góða afkomu í stóriðnaði. Tekjur erlendra aðila af atvinnurekstri á Íslandi voru að meðaltali um 1,5 ma.kr. árin 1994-1997, en árin 1990-1993 voru tekjurnar að meðaltali neikvæðar um 0,8 ma.kr. Í töflunni sést að endurfjárfesting ræður mestu um hvernig tekjur erlendra aðila af fjárfestingum þróast, og að lítið er tekið út úr rekstri þessara fyrirtækja í formi arðgreiðslna. Árin 1991-1993 var ávöxtun fjármunaeignar útlendinga í atvinnurekstri á Íslandi neikvæð. Síðustu fjögur árin hefur hún verið jákvæð um 13,4% á ári að meðaltali, ávöxtunin var um 13% á árinu 1997.

Tafla 4. Tekjur erlendra aðila af fjárfestingum á Íslandi

M.kr. á verðlagi hvers árs	1995	1996	1997
Arðgreiðslur	647	242	373
Endurfjárfesting	156	920	1.737
Hreinar vaxtagreiðslur	240	275	311
Samtals	1.043	1.437	2.421

I. YFIRLITSTÖLUR

1. tafla. Yfirlitstölur¹

Peningastærðir				Vextir				Verðlag og gengi				
M1 með vöxtum 12 mán. breyting í lok tímab. %	M3 með vöxtum 12 mán. breyting í lok tímab. %	Innlán með. vöxtum 12 mán. breyting í lok tímab. %	Úttán og markaðs- verðbréf innlánsst. 12 mán. breyting í lok tímab. %	Lausafjár- staða innláns- stofnana, hlutfall af innlán. og verðbr.útg. í lok tímab.	Endingartími gjaldreys- forða í lok 12 mánaða meðalt. alm. innflutnings. Mánuðir ²	Ávöxtun ríkisvixla í við- skiptum á Verð- bréfa- þingi Íslands, meðaltöl ³	Ávöxtun spari- skirteina í við- skiptum á Verðbréfa- þingi Íslands meðalt. ^{4,6}	Meðal- vextir óverð- tryggðra skulda- lána banka og spari- sjóða ⁵	Meðal- vextir verð- tryggðra lána banka og spari- sjóða ^{5,6}	Verðbólga, breyting neysluverðs- vitistölu undan- gengna 12 mán. í %	Raun- gengi Íslensku krónunnar m.v. verðlag 1980=100	
1980.....	61,9	65,4	67,1	66,4	8,1	2,5	3,5	.	.	55,7	100,0	
1981.....	60,1	70,5	69,9	72,2	3,9	3,6	3,2	.	.	49,3	104,3	
1982.....	29,1	58,0	59,7	92,0	-6,2	2,4	3,5	.	.	59,9	95,7	
1983.....	77,9	78,7	80,2	85,6	-5,6	2,9	3,8	.	.	76,6	90,2	
1984.....	42,5	33,4	33,8	43,0	-8,1	2,4	7,0	.	.	18,8	94,6	
1985.....	27,3	47,6	48,2	29,7	-5,3	3,2	6,9	.	.	35,9	93,1	
1986.....	43,3	35,0	34,9	19,1	-2,3	4,0	8,5	.	.	13,5	94,9	
1987.....	31,7	35,2	35,4	42,1	2,1	2,7	8,0	.	.	24,4	104,0	
1988.....	16,5	24,0	24,3	37,2	4,3	2,8	7,8	.	.	20,6	109,3	
1989.....	32,8	27,2	27,6	25,2	8,3	3,5	7,0	.	.	25,2	100,5	
1990.....	24,9	14,9	15,2	11,0	8,4	3,9	7,1	16,4	8,0	7,2	97,2	
1991.....	19,9	14,4	14,6	11,5	9,1	3,7	8,3	17,7	9,2	7,5	99,8	
1992.....	1,3	3,8	3,7	5,7	9,8	4,6	7,5	13,1	9,3	1,5	99,7	
1993.....	5,4	6,5	6,5	7,0	10,6	4,7	8,4	6,7	14,3	9,1	4,7	94,3
1994.....	10,7	2,3	1,9	-0,1	5,8	2,9	4,7	5,0	10,6	7,9	0,5	89,2
1995.....	9,6	3,7	2,0	0,8	4,3	2,8	7,1	5,6	11,6	8,7	2,0	89,3
1996.....	8,5	6,8	6,9	12,4	7,9	3,3	6,8	5,5	12,4	8,9	2,1	89,5
1997.....	17,4	9,2	9,5	17,9	1,3	2,8	6,9	5,3	12,9	9,0	2,0	90,3
1996:												
Janúar.....	10,8	3,6	3,5	4,7	5,1	2,9	7,3	5,8	12,1	8,8	1,6	89,5
Febrúar.....	9,5	3,8	3,2	4,9	5,3	2,7	7,4	5,8	12,9	9,0	1,7	89,5
Mars.....	9,6	3,9	3,9	6,1	8,0	2,9	7,3	5,7	12,6	8,9	2,0	89,4
Apríl.....	11,6	5,1	6,0	7,7	6,8	3,5	6,7	5,5	12,4	8,9	2,3	89,7
Máí.....	9,8	4,8	4,5	8,5	5,8	2,7	6,4	5,5	12,3	8,8	2,8	89,8
Júní.....	10,1	4,2	4,1	10,1	6,3	2,6	6,4	5,2	12,2	8,8	2,6	89,7
Júlí.....	11,8	5,0	4,9	8,0	8,9	3,2	6,4	5,4	12,2	8,8	2,4	89,8
Ágúst.....	9,1	4,4	4,2	8,0	8,9	2,8	6,4	5,4	12,2	8,8	2,6	90,1
September..	8,0	3,9	3,9	7,8	8,7	2,7	6,7	5,5	12,2	8,8	2,5	89,9
Október.....	13,5	4,1	4,0	8,0	7,7	2,8	7,0	5,5	12,6	8,9	2,1	89,9
Nóvember...	15,1	5,2	6,8	11,2	7,1	2,8	7,1	5,5	12,7	8,9	2,5	89,7
Desember...	8,5	6,8	6,9	12,4	7,9	3,3	7,0	5,5	12,8	9,0	2,1	89,8
1997:												
Janúar.....	11,2	5,1	4,8	11,8	7,8	2,6	7,0	5,4	12,8	9,0	2,0	89,7
Febrúar.....	11,3	6,4	6,6	14,0	6,6	2,6	7,0	5,2	12,8	9,0	1,9	89,4
Mars.....	12,2	6,3	6,1	13,4	5,8	2,8	6,9	5,5	12,8	9,1	1,7	89,7
Apríl.....	10,2	6,8	6,7	13,3	7,1	3,0	6,8	5,6	12,9	9,1	2,2	90,0
Máí.....	11,7	6,2	6,2	13,3	6,9	3,1	6,9	5,4	13,1	9,1	1,4	90,4
Júní.....	10,7	6,6	6,7	13,8	5,6	3,6	6,9	5,5	13,1	9,1	1,8	90,8
Júlí.....	15,3	8,3	8,4	16,2	8,2	3,7	6,8	5,2	13,0	9,1	1,8	91,6
Ágúst.....	7,9	7,3	7,3	16,0	7,0	3,7	6,8	5,2	12,8	9,0	1,5	91,8
September..	12,1	8,4	8,5	17,4	5,9	3,1	6,8	5,2	12,8	9,0	1,6	91,6
Október.....	11,8	10,3	10,3	18,6	4,1	2,7	6,9	5,2	12,8	9,0	1,9	90,5
Nóvember...	9,4	9,8	9,9	15,0	3,8	2,9	7,0	5,3	12,9	9,0	1,7	90,2
Desember...	17,4	9,2	9,5	17,9	1,3	2,8	7,2	5,3	12,9	9,0	2,0	91,2
1998:												
Janúar.....	21,3	11,1	11,3	17,4	2,8	2,7	7,2	5,0	12,9	9,0	2,2	91,2
Febrúar.....	25,1	11,4	11,2	17,6	1,5	2,6	7,2	5,0	12,9	9,0	2,0	91,7
Mars.....	12,6	8,4	8,8	17,0	-0,9	2,5	7,2	4,8	12,9	8,9	2,4	91,8
Apríl.....	17,8	9,3	8,8	17,6	-0,9	2,6	7,3	4,7	12,9	8,7	1,9	91,8
Máí.....	16,1	12,3	12,0	18,6	-1,7	2,6	7,3	4,6	12,9	8,7	2,4	91,8
Júní.....	16,7	14,2	14,3	18,7	-3,3	3,0	7,2	4,7	12,9	8,7	2,3	91,9
Júlí.....	17,0	15,3	15,3	18,9	0,2	...	7,2	4,7	12,9	8,7	1,9	92,1
Ágúst.....	12,9	8,7	1,1	92,2

1. Nýjustu tölur bráðabirgðatölur. 2. Á föstu gengi. 3. 1-3 mánaða ríkisvixlar. 4. Spariskirteini til 5 ára eða lengri tíma. 5. Mánaðarlegir vextir banka og sparisjóða sem hér eru sýndir tóku gildi 21. þess mánaðar sem um ræðir og eru þeir vextir lagðir til grundvallar við framkvæmd vaxtalaga nr. 25/1987 frá og með 1. degi næsta mánaðar. 6. Ávöxtun umfram verðtryggingu.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Verðbréfabing Íslands.

I. YFIRLITSTÖLUR

2. tafla. Yfirlitstölur

	Ríkisfjármál		Eignaverð		Utanríkisviðskipti			Framleiðsla, eftirspurn og atvinna		
	Tekjujöfn. ríkissj., % af tekjum, uppsafn. f. áram. ¹	Hrein láns- fjárbörf ríkissj., % af tekjum, uppsafn. f. áram. ¹	Hluta- bréfa- verð, 12 mán. % breyt. ²	Íbúðaverð, á höfuðb. sv. nafnvirði 12 mán. % breyt. ³	Vöru- útlutn. % breyt. á milli uppsafn. 12 mán. tímabila ⁵	Vöru- innlutn. % breyt. á milli uppsafn. 12 mán. tímabila ⁵	Vöruskipta- jöfnudur % af vöruútlutn. Uppsafn. síðustu 12 mán.	Fiskafli á föstu verðlagi 12 mán. % breyt. ⁴	Velta í smásölu 12 mán. breyt. í % á verðlagi 1990 ^{5,6}	Atvinnu- leysi % af mann- afla
1980.....	-0,8	0,9	60,2	60,0	3,5	0,3
1981.....	1,4	-1,0	46,5	56,3	-3,0	2,9	...	0,4
1982.....	2,5	5,1	...	66,7	29,7	54,0	-22,2	-16,1	...	0,7
1983.....	-9,9	9,8	...	43,6	119,6	75,2	2,5	-11,5	...	1,0
1984.....	3,8	0,8	...	31,6	26,5	31,6	-1,4	8,5	...	1,3
1985.....	-8,8	14,6	...	13,8	43,3	41,3	0,0	7,0	...	0,9
1986.....	-4,9	6,8	...	15,6	33,2	21,4	8,9	7,7	...	0,7
1987.....	-5,6	10,2	...	38,1	18,0	34,2	-3,7	5,5	...	0,4
1988.....	-11,2	12,9	...	36,3	16,2	12,7	-0,5	6,4	...	0,7
1989.....	-7,6	9,5	...	14,9	29,8	17,1	9,3	-5,6	...	1,6
1990.....	-4,8	7,8	78,0	12,6	15,5	20,7	5,2	-3,0	...	1,8
1991.....	-12,5	15,6	7,1	11,5	-1,0	8,0	-3,4	-5,0	3,2	1,5
1992.....	-6,9	7,8	-10,4	5,6	-4,1	-6,9	-0,4	1,3	-4,9	3,1
1993.....	-9,3	10,4	-17,0	-0,2	7,8	-6,4	12,8	2,2	-7,9	4,4
1994.....	-6,7	13,5	23,6	-1,2	19,0	12,9	17,2	-5,9	0,6	4,8
1995.....	-7,8	16,3	35,2	-1,5	3,5	10,8	11,4	-0,3	3,2	5,0
1996.....	-9,4	9,9	59,9	0,1	7,8	20,8	0,7	-1,0	2,2	4,3
1997.....	0,9	0,5	13,6	0,7	4,4	5,2	-0,1	1,6	3,4	3,9
1995:										
Júlí.....	-13,6	22,9	30,5	-0,4	10,1	15,9	12,8	-2,5	...	3,9
Ágúst.....	-14,8	25,8	27,4	-1,2	9,5	13,7	13,7	-3,6	2,9	4,3
September.....	-14,6	26,3	29,5	-1,3	7,8	15,0	12,3	-2,8	...	3,7
Október.....	-8,4	19,7	27,7	-3,5	7,8	9,2	13,3	-3,1	3,4	4,1
Nóvember.....	-9,6	19,6	33,4	-2,4	5,8	10,8	12,3	-1,0	...	4,5
Desember.....	-7,8	16,3	35,2	-2,5	3,5	10,8	11,4	-0,3	3,2	4,9
1996:										
Janúar.....	-21,8	42,7	45,1	1,4	1,8	10,5	9,6	60,5	...	5,9
Febrúar.....	-13,5	26,0	46,8	-2,0	3,0	10,8	10,5	40,4	3,2	5,0
Mars.....	-13,3	24,0	54,0	-2,7	4,7	9,8	10,4	25,6	...	5,0
Apríl.....	-6,7	-15,5	60,6	-2,9	6,0	12,3	9,1	14,3	3,6	5,0
Mai.....	-8,7	14,7	67,7	0,6	2,0	12,5	6,9	-5,4	...	4,6
Júní.....	-0,9	6,0	70,8	-3,3	3,6	11,2	7,4	-1,3	3,1	3,6
Júlí.....	-19,0	23,4	74,6	1,6	5,3	13,5	6,0	0,4	...	3,8
Ágúst.....	-19,9	24,3	70,6	4,7	5,9	15,2	6,1	-1,1	3,4	3,8
September.....	-19,4	23,8	73,0	-1,2	5,3	16,4	3,1	-2,7	...	3,3
Október.....	-12,1	16,5	71,7	-0,6	7,5	21,2	2,3	-2,4	2,5	3,7
Nóvember.....	-12,4	16,4	62,5	3,2	5,7	19,4	0,9	-0,9	...	4,0
Desember.....	-9,4	9,9	59,9	4,3	7,8	20,8	0,7	-1,0	2,2	4,5
1997:										
Janúar.....	-22,0	34,7	56,4	1,2	11,6	21,2	1,9	-21,3	...	5,2
Febrúar.....	-5,6	15,9	56,5	1,9	8,4	21,0	0,1	-5,4	1,9	4,4
Mars.....	-16,9	24,6	49,5	2,9	5,3	16,9	0,6	-9,4	...	4,6
Apríl.....	-7,8	15,5	71,7	3,3	6,3	17,3	-0,3	-1,0	1,3	4,7
Mai.....	-10,8	17,7	60,2	0,7	7,2	15,6	-0,5	12,4	...	4,2
Júní.....	-4,4	8,5	49,5	2,9	6,1	15,0	-0,4	11,5	1,5	3,7
Júlí.....	-6,6	9,0	43,9	0,4	5,7	12,0	0,4	4,2	...	3,6
Ágúst.....	-7,1	10,0	28,0	-3,4	3,7	11,5	-0,9	4,4	1,4	3,2
September.....	-6,8	11,9	21,3	0,9	6,3	9,7	0,0	5,0	...	3,0
Október.....	-1,6	5,1	17,1	3,1	4,6	6,7	0,3	5,4	2,8	3,3
Nóvember.....	-1,6	4,2	13,3	-0,4	5,0	5,3	0,6	0,6	...	3,0
Desember.....	0,9	0,5	13,6	-2,1	4,4	5,2	-0,1	1,6	3,4	3,7
1998:										
Janúar.....	-7,2	-2,2	5,1	0,9	0,0	7,4	-5,3	-23,2	...	4,0
Febrúar.....	4,3	-8,8	1,8	1,0	0,2	7,3	-7,0	-29,8	...	3,7
Mars.....	-0,9	0,0	-1,8	0,7	0,5	14,2	-13,0	-18,7	...	3,7
Apríl.....	1,4	-4,1	-21,9	-0,4	-1,4	11,9	-13,7	-13,3	...	3,4
Mai.....	-1,1	-1,4	-11,0	2,7	-0,1	14,7	-15,3	-19,0	...	2,9
Júní.....	4,5	-7,4	-5,9	...	1,9	17,3	-15,5	2,6
Júlí.....	-4,3	-1,9	-5,7

1. Á greiðslugrunni. 2. 12 mánaða breyting til loka tímabils. Byggt er á hlutabréfavitölum VÍB í upphafi, en á þingvísitölu VÍB frá og með janúar 1993 og á Úrvalsvísitölu VÍB frá og með janúar 1998. 3. Breyting nafnverðs milli ársmeðaltala en mánaðartölur eru breyting frá sama mánuði fyrra árs. Verð á fermetra í fjöl- býli á höfuðborgarsvæðinu. 4. Uppsafnað frá áramótum. 5. Prósentbreyting á milli uppsafnaðra 12 síðustu mánaða og 12 mánaða þar á undan. M.v. fob-verð.

Heimildir: Seðlabanki Íslands, Ríkisbókhald, Verðbréfaþing Íslands, Verðbréfamarkaður Íslandsbanka, Fasteignamat ríkisins, Hagstofa Íslands, Þjóðhagsstofnun, Vinnumatlastofnun.



II. PENINGAMÁL

1. tafla. Reikningar Seðlabankans

Milljónir króna	Staða í lok tímabils				Breytingar				
	1996	1997	Júlí		1998	1997	Jan. - júlí 1998	1/8 '96-31/7 '97	1/8 '97-31/7 '98
			1997	1998					
1 Erlendir liðir.....	31.098	27.853	35.940	30.257	-2.998	4.842	2.404	8.458	-5.683
11 Erl. eignir til skamms tíma, nettó	36.025	33.171	41.234	35.525	-3.021	5.209	2.354	8.897	-5.710
12 Erlendar skuldir til langs tíma	-4.928	-5.318	-5.294	-5.268	23	-367	50	-439	27
2 Kröfur Seðlabanka á aðra en banka ..	7.616	10.030	2.786	11.436	7.842	-4.831	1.406	-2.284	8.651
21 Ríkissjóður, nettó	4.636	6.838	529	6.421	6.011	-4.107	-417	-2.240	5.892
211 Aðalviðskiptareikningur.....	-3.178	-3.031	-5.787	-1.385	8.364	-2.608	1.647	-3.019	4.402
212 Gjaldeyrisreikningar.....	-2.645	-2.944	-2.754	-3.049	-26	-109	-105	1.652	-295
213 Ríkisvixlar	275	2.801	604	1.826	-1.293	328	-975	209	1.222
214 Ríkisbréf	998	975	668	1.014	10	-330	39	-184	346
215 Spariskirteini.....	9.186	9.037	7.798	8.014	-1.044	-1.389	-1.023	-898	217
22 Ríkisstofnanir, nettó.....	-956	-425	-1.026	-571	81	-69	-146	129	455
23 Kröfur á aðrar fjármálastofnanir.....	3.443	3.474	2.904	5.456	1.798	-539	1.982	-286	2.551
24 Aðrar kröfur.....	493	143	378	131	-48	-115	-12	113	-247
3 Kröfur á innlánsstofnanir.....	1.878	6.494	1.548	6.269	-2.430	-330	-225	-444	4.721
31 Endurhverf verðbréfa kaup	1.368	6.474	1.540	6.267	-1.780	172	-207	1.540	4.727
32 Aðrar skammtímakröfur	0	15	0	0	-650	0	-15	-222	0
33 Verðbréf.....	13	5	8	2	0	-5	-3	-539	-6
34 Lán innan erlends lánakvóta.....	497	0	0	0	0	-497	0	-1.223	0
4 Innstæður annarra fjármálastofnana	-2.623	-4.486	-1.814	-2.594	-406	809	1.891	-289	-780
5 Ýmsar eignir, nettó	-18.901	-20.224	-19.237	-19.369	812	-335	855	-688	-132
6 Grunnfé.....	19.067	19.668	19.223	25.999	2.820	155	6.332	4.753	6.776
61 Seðlar og mynt í umferð	5.475	5.752	5.297	6.195	780	-178	443	466	897
62 Sjóður og innstæður innlánsstofnana	13.592	13.916	13.926	19.805	2.040	333	5.889	4.287	5.879
621 Bindireikningar ¹	7.728	8.646	8.021	10.427	-153	293	1.781	710	2.407
622 Innstæðubréf	0	0	1.700	3.411	-102	1.700	3.411	1.700	1.711
623 Veltufjármunir	5.864	5.270	4.205	5.966	2.295	-1.659	696	1.877	1.761
624 Endurhverf verðbréfasala	0	0	0	0	0	0	0	0	0

1. Fyrir 31. maí 1998 ná tölur yfir bundnar innstæður, en bindireikningar tóku við af þeim 21. maí 1998.

Ný framsetning þessarar töflu birtist nú og hafa eftirfarandi breytingar verið gerðar: Það sem nú heitir „aðrar fjármálastofnanir“ hét áður fjárfestingaránasjóðir. Liðurinn „aðrar skammtímakröfur“ innlánsstofnana nær yfir þá liði sem áður hétu „stuttir vixlar“ og „reikningsskuldir“. Liðurinn „innstæður sjóða í opinberri vörslu“ er ekki sýndur sem sérstakur liður heldur er hann innifalinn í liðnum „ýmsar eignir, nettó“. Liðurinn „bindireikningar“ kemur í stað liðarins „bundnar innstæður“.



II. PENINGAMÁL

2. tafla. Reikningar bankakerfisins

Milljónir króna	Staða í lok tímabils				Breytingar				
	1996	1997	Júlí		Júlí 1998	Jan. - júlí		1/8 '96- 31/7 '97	1/8 '97- 31/7 '98
			1997	1998		1997	1998		
1 Erlendis liðir.....	-5.953	-26.668	-16.923	-34.649	-3.233	-10.970	-7.981	-18.642	-17.726
11 Erl. eignir til skamms tíma, nettó	38.919	31.873	41.654	31.707	996	2.736	-165	4.167	-9.947
12 Erlendar skuldir til endurlána	-44.871	-58.541	-58.577	-66.356	-4.229	-13.706	-7.815	-22.808	-7.779
2 Útlán og markaðsverðbréf	258.451	297.840	281.304	328.600	10.446	22.853	30.759	38.013	47.296
21 Ríkissjóður og ríkisstofnanir	28.668	33.184	35.976	38.134	5.356	7.308	4.950	6.087	2.158
22 Bæjar- og sveitarfélög	7.917	8.230	6.356	7.783	196	-1.561	-446	-1.416	1.428
23 Lánastofnanir aðrar en bankar	14.364	18.849	15.561	24.655	3.707	1.197	5.806	6.141	9.094
24 Atvinnuvegir	138.601	158.221	150.080	172.541	1.367	11.479	14.319	19.774	22.461
25 Einstaklingar	68.901	79.356	73.331	85.486	-179	4.430	6.130	7.427	12.155
3 Aðrar fjármálastofn. (innstæður = -)....	-2.623	-4.486	-1.814	-2.594	-406	809	1.891	-289	-780
4 Annað, nettó	-32.913	-24.723	-28.275	-20.770	1.051	4.637	3.953	4.295	7.505
5 Samtals (1+2+3+4=6+7).....	216.963	241.963	234.292	270.586	7.857	17.329	28.623	23.378	36.295
6 Peningamagn, sparifé og verðbréf (M4)	215.428	240.905	232.865	269.839	8.364	17.437	28.934	23.618	36.974
61 Verðbréfaútgáfa.....	32.022	40.705	39.327	46.655	-763	7.306	5.950	8.625	7.327
62 Peningamagn og sparifé (M3)	183.406	200.200	193.537	223.184	9.127	10.131	22.984	14.993	29.647
621 Bundin innlán.....	69.989	83.180	72.066	86.278	2.985	2.077	3.098	8.648	14.212
622 Peningamagn og alm. sparifé (M2)	113.417	117.020	121.471	136.906	6.141	8.054	19.886	6.345	15.435
6221 Almenn sparifé.....	71.859	68.260	75.144	82.702	2.685	3.285	14.442	193	7.558
6222 Peningamagn (M1).....	41.558	48.760	46.328	54.204	3.457	4.769	5.444	6.152	7.877
62221 Veltiinnlán.....	36.083	43.008	41.030	48.010	2.677	4.947	5.001	5.687	6.979
62222 Seðlar og mynt í umferð	5.475	5.752	5.297	6.195	780	-178	443	466	897
7 Aðrar innlendar lántökur	1.535	1.058	1.427	748	-506	-108	-310	-240	-679

Ný framsetning þessarar töflu birtist nú og hafa eftirfarandi breytingar verið gerðar: Það sem nú heitir „Útlán og markaðsverðbréf“, hét áður „Lán og endurlán“. Það sem nú heitir „aðrar fjármálastofnanir“ hét áður „Ymsir sjóðir“. Felld er niður sundurliðun á liðnum „verðbréfaútgáfa“ (sjá töflu III.3.).

3. tafla. Greiðslumiðlun

Heildarvelta tékka	1995	1996	1997	1. ársfj.		2. ársfj.		% - br. milli 2. ársfj.	
				1997	1998	1997	1998	'96-'97	'97-'98
1 Heildarvelta, (millj. kr.)	791.834	752.044	707.836	163.905	151.686	180.753	170.800	-3,2	-5,5
2 Fjöldi tékka (1000 stk.)	11.935	9.821	8.479	1.993	1.770	2.329	1.870	-8,9	-19,7
<i>Debetkortanotkun</i>									
1 Velta í milljónum króna:.....	111.639	147.228	177.937	36.578	45.701	42.962	48.432	19,0	12,7
11 Innanlands	111.079	146.238	176.605	36.333	45.385	42.670	48.090	19,0	12,7
111 Verslun.....	25.356	40.459	54.331	10.071	13.936	12.766	14.906	32,0	16,8
112 Bankar.....	78.072	95.329	109.840	23.750	28.254	26.890	29.795	13,7	10,8
113 Hraðbankar	7.651	10.450	12.434	2.513	3.195	3.014	3.389	19,3	12,4
12 Erlendis.....	560	990	1.333	245	315	292	342	21,2	17,1
121 Verslun.....	...	65	...	18	29	22	33	53,8	48,2
122 Bankar.....	...	925	...	227	286	270	309	19,1	14,5
2 Færslufjöldi í þús.:.....	12.763	17.807	22.371	4.360	5.776	5.413	6.041	26,2	11,6
21 Innanlands	12.699	17.696	22.213	4.333	5.744	5.379	6.005	26,2	11,6
211 Verslun.....	9.914	14.188	18.191	3.477	4.704	4.406	4.923	29,2	11,7
212 Bankar.....	1.303	1.451	1.568	355	396	389	407	7,3	4,6
213 Hraðbankar	1.482	2.057	2.454	501	644	584	675	19,5	15,7
22 Erlendis.....	64	111	158	27	32	35	36	32,4	4,2
<i>Kreditkortanotkun</i>									
1 Velta í milljónum króna	64.771	74.896	82.408	19.366	21.877	20.368	21.220	12,2	4,2
11 Innanlands	55.862	64.220	70.410	17.362	19.476	17.543	18.385	12,5	4,8
12 Erlendis.....	8.910	10.677	11.998	2.003	2.401	2.825	2.835	10,4	0,4
2 Færslufjöldi í þús.	18.837	20.068	21.775	5.068	5.699	5.498	5.554	11,1	1,0
21 Innanlands.....	17.684	18.684	20.262	4.833	5.426	5.142	5.228	11,4	1,7
22 Erlendis.....	1.153	1.384	1.513	235	273	357	326	5,7	-8,6
Fjöldi debetkorta í lok tímabils ..	154.927	189.146	207.358	197.117	218.085	207.122	226.908	20,7	9,6
Fjöldi kreditkorta í lok tímabils..	132.424	145.633	161.574	147.731	160.744	150.136	165.035	7,8	9,9

III. FJÁRMAGNSMARKAÐIR

1. tafla. Reikningar lánakerfisins


Milljarðar króna	Staða í lok tímabils				Breytingar			
	1996	1997	Mars		Mars		Jan. - mars	
			1997	1998 ¹	1997	1998 ¹	1997	1998 ¹
Eignir:								
1 Útlán og innlend verðbréfaeign	899,9	991,8	923,0	1.027,7	23,1	35,9	64,9	104,7
11 Bankakerfi	258,4	300,2	271,0	307,8	12,6	7,6	26,3	36,8
12 Fjárfestingarlánasjóðir atvinnuvega .	80,5	85,3	80,9	97,1	0,4	11,8	2,4	16,3
13 Íbúðalánasjóðir	201,8	218,6	205,1	221,4	3,4	2,8	15,9	16,3
14 Lífeyrissjóðir	276,1	315,1	288,6	319,2	12,5	4,1	44,6	30,6
15 Tryggingarfélag	30,0	31,4	33,1	33,8	3,1	2,4	3,3	0,6
16 Eignarleigur	11,1	16,3	12,3	17,2	1,2	0,9	3,7	4,9
17 Verðbréfasjóðir	18,4	30,9	19,1	39,1	0,7	8,1	5,3	19,9
18 Útlönd	296,7	326,7	292,2	331,4	-4,4	4,7	8,5	39,2
19 Lánasjóðir ríkisins	85,6	85,9	85,9	87,6	0,3	1,7	1,0	1,7
Milli samtala	1.258,6	1.410,4	1.288,4	1.454,5	29,7	44,1	110,9	166,2
frá dragast innbyrðis viðskipti	-358,8	-418,6	-365,4	-426,9	-6,6	-8,2	-46,0	-61,4
Eignir = skuldir	899,9	991,8	923,0	1.027,7	23,1	35,9	64,9	104,7
Skuldir:								
3 Innlendar skuldir	658,4	737,1	677,7	763,6	19,3	26,5	61,9	85,9
31 Innlán og seðlar	166,1	181,8	165,1	180,6	-1,0	-1,1	8,3	15,5
32 Verðbréf	74,3	85,9	75,5	89,7	1,2	3,8	-1,3	14,2
33 Tryggingarsjóður	29,1	30,4	32,3	33,0	3,3	2,5	3,0	0,6
34 Lífeyrissjóðir	302,0	345,9	307,7	356,9	5,7	11,0	39,8	49,2
35 Eigið fé lánastofnana	94,9	102,1	98,1	100,1	3,3	-2,0	6,7	2,0
36 Annað nettó	-7,9	-9,0	-1,1	3,3	6,8	12,3	5,4	4,4
4 Erlendar skuldir nettó	241,4	254,7	245,3	264,1	3,8	9,4	3,0	18,8

1. Bráðabirgðatölur og áætlaðar tölur að hluta.

2. tafla. Útlánaflokkun lánakerfisins¹

Milljarðar króna	Staða í lok tímabils				Breytingar			
	1996	1997	Mars		Mars		Jan. - mars	
			1997	1998 ¹	1997	1998 ¹	1997	1998 ¹
Eignir:								
1 Ríkissjóður og ríkisstofnanir	146,8	151,5	150,3	157,9	3,5	6,4	-2,3	7,6
2 Bæjar- og sveitarfélög	43,1	43,7	43,1	44,6	0,0	0,9	1,8	1,5
3 Atvinnuvegir	359,3	410,8	372,3	429,6	13,0	18,8	35,9	57,3
4 Heimili	350,6	385,8	357,3	395,6	6,7	9,8	29,5	38,4
Samtals útlán	899,9	991,8	923,0	1.027,7	23,1	35,9	64,9	104,7

1. Útlánaflokkun er áætluð að hluta.



III. FJÁRMAGNSMARKAÐIR

3. tafla. Reikningar innlánsstofnana

Milljónir króna	Staða í lok tímabils				Breytingar				
	1996	1997	Júlí		1998	1997	Jan. - júlí	1/8 '96	1/8 '97
			1997	1998					
1 Lausafjárstaða, alls.....	16.448	3.059	18.686	428	9.392	2.239	-2.632	443	-18.259
